



Reglur um garðslátt fyrir ellilífeyris- og örorkulífeyrisþega

1.gr Markmið

Markmið með þjónustunni er að aðstoða ellilífeyris- og örorkulífeyrisþega sem eru með 75% örorku og ekki geta hjálparlaust hirt lóðir sínar.

2.gr Réttur til nýtingar þjónustu

Rétt til nýtingar þjónustunnar eiga ellilífeyris- og örorkulífeyrisþegar með lögheimili í Mýrdalshreppi, sem hafa fasta búsetu og lögheimili í íbúðarhúsnæðinu þar sem þjónustunnar er óskað. Þjónustan er eingöngu veitt þar sem allir heimilismenn eru ellilífeyris- eða örorkulífeyrisþegar. Ekki er veitt þjónusta þar sem aðrir heimilismenn, 18 ára og eldri geta annast slátt. Fari fram rekstur eða ef húsnæði sem elli-og örorkulífeyrisþegar eru með lögheimili á er í útleigu í styttri eða lengri tíma fellur réttur til garðsláttar niður.

3.gr Þjónustulýsing

Þjónusta er veitt allt að þrisvar sinnum á tímabilinu 1. júní til 20. ágúst ár hvert. Þjónusta felst í því að grasflatir innan skilgreindra lóðarmarka (þó að hámarki 650 m²) eru slegnar og garðúrgangur sem fellur til við slátt er hirtur. Ekki er boðið uppá önnur garðyrkjustörf. Garðflatir skulu vera aðgengilegar fyrir slátt. Einungis er slegið þegar um er að ræða einbýlishús, parhús eða raðhús. Möguleiki er á röskun á slætti vegna veðurs og verður honum þá sinnt við fyrsta tækifæri.

4.gr Stjórn og yfirumsjón

Beiðni um slátt skal berast á þar til gerðu eyðublaði á skrifstofu Mýrdalshrepps eða á netfangið skrifstofa@vik.is. Áhaldahús ber ábyrgð á skipulagningu og framkvæmd þjónustunnar.

5.gr Gjaldskrá

Þjónustan er ellilífeyris- og örorkulífeyrisþegum að kostnaðarlausu.